

76

31. ágúst

26. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við að óvarlega er farið með eld, eða á annan hátt brotið á móti brunamálareglugerð þessari, vanda um við þá, er gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt, sem unnt er.

Engin forföll liðsmanna eru tekin gild, nema veikindi eða fjarvera úr hreppnum.

VIII. KAFLI.

Sektarákvæði.

28. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki 100 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð Borgarnesshrepps, ef ekki liggur þyngrri sekt við samkv. lögum.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Borgarnesshrepps hefir samið og samþykkt samkv. lögum nr. 85, 22. nóv. 1907, staðfestist hér með, til að öðlast gildi 1. október 1931, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. ágúst 1931.

Ásgeir Ásgeirsson.

Vigfús Einarsson.

77

31. ágúst

REGLUGERÐ

um

meðferð og notkun rafmagns í Suðureyrarhreppi.

1. gr.

Rafveitan er eign Suðureyrarhrepps og hefir hreppsnefnd yfirstjórn hennar á hendi; hún ræður rafveitustjóra og stöðvarstjóra.

2. gr.

Rafveitan selur rafmagn öllum, sem eru innan þess svæðis, sem taugar rafveitunnar ná yfir, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar nægir, og samkv. reglugerð þessari.

3. gr.

Rafmagnið er eingöngu ætlað til lýsingar, þó má rafveitustjóri, með samþykki hreppsnefndar, selja til annarra afnota afl það, sem stöðin getur framleitt umfram það, er til ljósa þarf, ef það á engan hátt truflar rekstur stöðvarinnar til ljósa. Rafveitan hefir einkarétt til þess að selja rafmagn til ljósa á því svæði, sem raftaugar hreppsins ná á hverjum tíma yfir.

77

31. ágúst

4. gr.

Rekstrartími stöðvarinnar til ljósaframleiðslu er frá 15. ágúst til 15. maí, þó má hreppsnefnd lengja tímann, ef þurfa þykir.

Á reksturstíma stöðvarinnar má ekki taka strauminn af á venjulegum ljósatíma, nema brýna nauðsyn beri til, og þá svo stuttan tíma sem unnt er.

5. gr.

Aðalálmur og húsálmur í íveruhús, sem ekki eru fjær aðalálmum en 40 metra, leggur rafveitan á sinn kostnað. Um aðrar húsálmur fer eftir samkomulagi milli hreppsnefndar og hlutaðeiganda í hvert skipti.

Aðalkerfi rafveitunnar má ekki stækka, nema með samþykki hreppsnefndar.

6. gr.

Húsveitur skal gera af löggiltum rafvirkja á kostnað húseiganda.

Enginn nema sá eða þeir, sem hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitustjóra, hefir löggilt til þess, má framkvæma slík verk eða breyta nokkru, er snertir taugakerfi rafveitunnar utan húss eða innan.

7. gr.

Nú hefir hús verið raflagt, áhöld sett í hús eða breytt eldri raflagningu, og má þá ekki taka húsveituna til afnota fyrr en rafveitustjóri hefir látið skoða og reyna hana og vottað að hún sé fullnægjandi. Álitist raflögnin ófullnægjandi, skal hlutaðeigandi rafvirki laga hana þannig, að hún sé fullnægjandi.

8. gr.

Allir rafmagnsnotendur skulu hafa straummæla, er þeir fá leigða hjá rafveitunni. Þó getur hreppsnefnd, ef sérstaklega stendur á, selt rafmagn til ljósa án straummælis eftir samkomulagi.

9. gr.

Enginn má, án leyfis hreppsnefndar, taka rafmagn úr taugakerfi rafveitunnar, né aðhafast neitt það, er valdið geti skemmdum á raftaugum eða öðrum raftækjum, sem notuð eru í sambandi við taugarnar, hvort heldur er í húsi eða utan þess. Brjótí nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sé verkið ekki þannig vaxið, að þyngri hegning liggi við samkvæmt lögum.

77

31. ágúst

10. gr.

Hver rafmagnsnotandi er skyldur til að sjá um, svo sem honum er unnt að lögn hans sé jafnan í góðu lagi. Komi ólag á raftaugar eða tæki í húsi þannig, að skemmdum geti valdið á taugum eða áhöldum rafveitunnar, t. d. að vör hrökkvi, raflögn losni eða haggist, eða bilun sjáist á einangrun hennar, skal húsigandi tafarlaust tjá það rafveitustjóra.

Varast skal að taka í sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin o. s. frv.

11. gr.

Rafveitustjóra er heimilt að banna að nota, í sambandi við rafveituna, þá lampa og önnur áhöld, sem að hans álitu eru ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri.

12. gr.

Rafveitustjóri og stöðvarstjóri skulu ætíð hafa frjálsan aðgang þar að, sem taugar og áhöld eru, er standa í sambandi við afltaugar stöðvarinnar, til þess að ganga úr skugga um að allt sé í góðu lagi.

13. gr.

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, sem á honum hvíla, samkvæmt reglugerð þessari, eða virði að vettugi fyrirskipanir rafveitustjóra, er rafveitustjóra heimilt að slita sambandi við hann til bráðabirgða, og að fullu með samþykki hreppsnefndar. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

14. gr.

Rafveitustjóri skal hafa nákvæmt eftirlit með rekstri stöðvarinnar, sjá um að jafnan sé til nægilegt efni til rekstursins o. s. frv. Hann skal halda bók yfir tekjur og gjöld rafveitunnar, svo og eignir og skuldir. Ársreikning skal hann semja fyrir júnílok ár hvert og afhenda hann hreppsnefndinni, sem lætur endurskoðanda hreppsreikninganna endurskoða reikninginn og úrskurðar hann síðan. Reikningsár rafveitunnar er frá 1. júní til jafnlengdar árlega.

15. gr.

Hreppsnefnd semur, í samráði við rafveitustjóra, gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsins og leitar samþykkis atvinnuáráðuneytisins á henni.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 200 — tvö hundruð — krónum, nema þyngri hegning liggja við, og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 7, 15. júní 1926 **77**
til þess að öðlast gildi 1. september þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, ^{31. ágúst}
sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. ágúst 1931.

Ásgeir Ásgeirsson.

Vigfús Einarsson.

GJALDSKRÁ

78

31. ágúst

fyrir

rafveitu Suðureyrar.

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa skal vera kr. 1,10 — ein króna og tíu aurar —
fyrir hverja kilóvattstund.

Hreppsnefndin ákveður í hvert skifti verð á rafmagni til annarra nota en
venjulegra ljósa.

2. gr.

Mælisleiga skal vera kr. 1,00 — ein króna — á mánuði.

3. gr.

Rafmagnsgjöldin greiðast mánaðarlega, og falla þau í gjalddaga síðasta
dag hvers mánaðar. Séu gjöldin ekki greidd innan 5 daga eftir gjalddaga, má
slíta sambandi við hlutaðeigandi notanda, eftir skriflegri tilkynningu til hans
eða húseiganda.

Gjöld til rafveitunnar má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 7, 15. júní 1926
til þess að öðlast gildi 1. sept. þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut
eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. ágúst 1931.

Ásgeir Ásgeirsson.

Vigfús Einarsson.